

133 sem bójarstjórnin á Ísafirði hafði samið, hefi jeg samkvæmt tilsk. 11. febr. 1876 gefið
15. nóv. út hjálagða

reglugjörð fyrir barnaskólann á Ísafirði og staðfest sem erindisbrjef kennaranna við barnaskólann á Ísafirði instrúx það frá 27 oktbr. 1862 fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík, sem prentað er í tíðindum, um stjórnarmálefni Íslands bls. 622—626, með þessum breytingum:

1, að 6. gr. verði þannig orðuð:

«Enn fremur ber að halda bekknum hreinum og þokkalegum, sópa gólf daglega, þvo að minnsta kosti einu sinni á viku, og ljúka upp gluggum á hverjum degi, þegar kennslutímum er lokið; skál yfirkennarinn hafa gætur á þessu».

2, að 11. gr. verði þannig orðuð:

«Á degi hverjum skal kennslan byrja með stuttri guðrökilegri bæn eða söng, sem börnin skilja; skal það barnið, sem les, standa, meðan þetta fer fram. Komi eitthvert barnanna of seint, skal það standa við dyrnar, þangað til morgunbæninni er lokið, til þess að trufla ekki bænahaldið».

og 3, að 18. grein verði þannig orðuð:

«Að hjer um bil hálfnuðum hinum daglega kennslutíma skal börnunum ætluð hálf klukkustund til morgunverðar, þannig, að kennslan samt sje fullar 5 stundir á dag. Í fimm mínútur af hverri klukkustund, sem börnin eru í skólanum á degi hverjum, skulu þau eiga tómstund sjer til hvíldar og hressingar fyrir utan bekkinn undir tilsjón kennara. Tóms-
stundum þessum skal skipt niður eptir ákvörðun skólanefndarinnar, sem einnig skipar fyrir um umsjónina».

Þetta er tjáð stiptysfirvöldunum til þoknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Reglugjörð

fyrir barnaskólann á Ísafirði.

I.

Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kennslu þeirra og yfirheyrslu, og um útskrípt þeirra úr skólanum.

1. gr. Það er ætlunarverk skólans, að gjöra úr börnunum ráðvanda og siðferðis-
góða menn, og veita þeim þá þekkingu og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar í þjóðfélaginu.

2. gr. Í barnaskólann má veita viðtöku sjerhverju barni í Ísafjardarkaupstað, sem orðið er fullra 7 ára að aldri og er þannig undirbúið, sem nákvæmar er ákveðið í áæt-
uninni um, hvað kennt skuli í barnaskólanum. Svo má og taka í skólann börn, sem eiga heima annarstaðar en í kaupstaðnum, með því skilyrði, er nú var getið, að svo miklu leyti rúm er til þess.

3. gr. Stjórn skólans skal í byrjun hvers skólaárs ákveða í hve margar deildir skipt skuli börnunum, samkvæmt tölu þeirra, kunnáttu og öðrum kringumstæðum.

4. gr. Sá tími, þá er börn almennt eiga að koma í skólann, skal vera 1. dagur septembermánaðar; þó mega börn og koma í skólann um nýjár, og má skólanefndin þar að auki leyfa að tekið sje við þeim á öðrum tímum, þegar einhver sjerstakleg atvik eru fyrir hendi, t. a. m. vegna flutninga eða veikinda.

Þegar einhver óskar, að barn sje tekið í skólann, skal rita um það skólaneftnd-
inni, og ákveður hún daginn, þá er barnið skal prófa, ef það er á öðrum tíma árs, en 134
hin vanalegu árspróf eru haldin; en þá skal inntökupróf barna almennt fram fara. 15. uóv.

5. gr. Foreldrar eða fjárhaldsmenn barna á Ísafirði skulu skyldir annaðhvort að láta börn sín ganga í barnaskólann, eður á annan hátt sjá fyrir, að þau fái þá kennslu í bók-lestri og trúarbrögðum, sem presturinn álitur nóga. Nú sýna þeir mótþróa í þessu efni, og hafa þó hvað eptir annað verið áminntir og upphvattir, þá skal skólaneftndin hafa vald til að leggja á þá fjársektir, eður á annan hátt sjá um, að börnin fái uppfroeding þá, sem þörf er á, en fjársektirnar skulu vera frá 10—50 aurar eptir málavöxtum fyrir hvern dag, sem hirðuleysi er sýnt. Hinar sömu daglegu sektir skulu liggja við því, ef barn er tekið úr skólanum fyrir lok vorprófs ár hvert án gildra orsaka, en skólastjórnin metur þær. Skulu sektirnar renna í skólasjóðinn, og má taka þær fjárnámi, en um fjárnám þetta og ógoldinn kennslueyri skulu gilda sömu reglur og um fjárnám á öðrum bæj-argjöldum.

6. gr. Börnin skulu koma í skólann á ákveðnum tíma, þokkalega og sœmilega búin, og hafa með sjer bækur og annað, sem þau þurfa á að halda í skólanum. Þegar foreldrar eða fjárhaldsmenn ekki hafa efni á að útvega börnunum bækur, spjöld og annað, það er þau þurfa á að halda í skólanum, þá skal kaupa þetta handa þeim á kostnað skólasjóðs-ins eptir ákvörðun skólaneftdarinnar.

7. gr. Börn, er hafa næm útbrot, mega ekki koma í skólann, fyr en þau eru heil orðin, en ef þau koma þangað, þá á skólakennarinn þegar í stað að láta þau fara heim aptur; hann er og skyldur að gefa skólaneftndinni þetta til vitundar, en hún á að ann-ast um, að slík börn verði læknuð.

8. gr. Börn, er hafa haft einhverja næma sýki, mega ekki koma í skólann fyr en 3 vikum eptir, að þau eru heilbrigð orðin, og sýkin er hætt í húsi því, sem þau búa í.

9. gr. Verði barni eitthvað á, skal skólakennarinn leitast við, að bæta það með áminningum, en verði slíkar áminningar árangurslausar, skal barninu refsað á þann hátt, sem fyrir er mælt í 21. grein í erindisbrjefinu fyrir kennara skólans.

Þeim börnum, sem taka öðrum fram að góðri hegðun og iðni, má kennarinn veita hæfileg verðlaun, þeim til uppörfunar.

10. gr. Á hverjum degi skulu vera 5 kennslutímar í hverjum bekk; þó má skóla- nefndin með samþykki skólastjórnarinnar stytta kennslutímamann fyrir yngstu börnin, svo hann sje 4 tímar á dag. Kennslan skal venjulega byrja á morgnana á dagmálum; þó skal skólaneftndinni heimilt, eptir samkomulagi við yfirkennarann, að breyta því; að öðru leyti skal kennslutímumunum hagað á þann hátt, sem um það verður ákveðið í kennslu-áæt- uninni.

11. gr. Eigi skal kennt í skólanum 4 síðustu daga í páskavíkunni, og eigi í desem- bermánuði eptir að lokið er ársprófinu í skólanum; svo skal og vera tveggja daga leyfi á undan prófi þessu, auk þess sem prófin að öðru leyti hafa í för með sjer, að kennslan verður að hætta um stund. Presturinn á Ísafirði má veita leyfi einn dag í senn eður hálfan dag, þegar sjerstaklegar ástæður eru til þess, en leyfi frá einstökum tímum má hlutaðeigandi kennari veita; þó ber prestinum á Ísafirði að gæta þess, að þetta sje ekki misbrúkað.

12. gr. Í skólanum skal kennt frá 1. degi septembers til 31. maí. Þó skulu for- eldrar þeirra barna, sem þegar hafa fengið inntöku í skólann, eiga kost á að fá kennt börnum sínum í skólanum í ágústmánuði, ef svo margir foreldrar koma sjer saman

134 um þetta, að börn þau, er nota kennsluna, verði eigi færri en 15, og þeir sækja um það
15. nóv. til skólanefndarinnar innan viku frá því, er skóla var sagt upp næst á undan. Fyrir þenna mánaðartíma skal ekki greiddur neinn kennslueyrir fram yfir það, sem ákveðið er í 30. gr., nema svo sje, að eitthvert barn á honum ljúki skólaveru sinni, af því það sje fermt eður af öðrum ástæðum, því þá skal greiddur kennslueyrir fyrir það barn einnig fyrir þenna mánuð, samkvæmt þeirri grein, er nú var getið.

13. gr. Þessar menntir skulu kenndar í skólanum: a, trúarlærdómur; b, bóklestur; c, skript; d, reikningur (bæði á spjaldi og í huganum); e, rjettritun; f, stutt landafræði; g, ágrip af mannkynssögunni; einkum Norðurlanda; h, leikfimi. Þar að auki má, að því leyti kringumstæður leyfa, veita tilsoðn í þessum greinum: í dönsku, ensku, uppdráttarlist, náttúrufræði og söng. Það skal leyft, að börnum, sem skortir gáfur til að nema, ekki sje kennt annað en trúarlærdómurinn og að lesa og skrifa, eptir nákvæmari ákvörðun skólanefndarinnar.

14. gr. Á ári hverju skulu haldin 2 opinber próf, annað í lok kennsluársins, en hitt í vikunni fyrir jól; skal skólanefndin hlutast til um að próf þessi sjeu haldin, og skólastjórnin hafa eptirlit með þeim.

Eptir því, hværnig börnunum gengur í prófum þessum, ákveður skólanefndin með ráði kennaranna um flutning þeirra úr einum bekk upp í annan, og ber um þessa niðurskipun að senda skólastjórninni lista ásamt með ársskýrslunni um ástand skólans (26. grein).

15. gr. Skólakennslan hættir, þegar börnin eru tekin til fermingar, eður á annan tilsvarandi hátt bundinn endi á trúarbragðauppfræðingu þeirra, ef þau hafa aðra trúarjætning, eða þau við annaðhvort ársprófið í skólanum, að álitu kennara og prófdómanda, sýna það, að þau sjeu orðin svo vel að sjer, að þau eigi hafi veruleg not af að njóta lengur tilsagnar í skólanum. Kennarar skólans skulu gefa hverju barni, þá er það fer alfarið úr skólanum, skriflegt skírteini um, hværnig því hafi gengið í hinu síðasta prófi þar, og um iðni og hegðun þess, meðan það var í skólanum.

II.

Um það, hværnig kennarar skuli skipaðir, og um skyldur þeirra og rjettindi.

16. gr. Kennarar við skólann skulu skipaðir af skólastjórninni, en veitingu yfir kennarans staðfesta stiptysfirvöldin. Yfirkenari getur sá aðeins orðið, sem tekið hefir embættispróf í guðfræði og getur orðið prestur á Íslandi.

17. gr. Kennslan á að fara fram eptir áætlun, sem skólanefndin ásamt yfirkenar-anum semur fyrir hvert kennsluár, og sem samþykkt er af skólastjórninni.

18. gr. Yfirkenarinn á að fá í laun að minnsta kösti 1000 kr. á ári, og auk þess hafa húsnæði í skólahúsinu kauplaust eða, fái hann ekki húsnæði, 100 kr. í húsaleigustyrk á ári; en hafi hann húsnæði í skólahúsinu, skal hann skyldur til að halda skólanum hreinum, og leggja í ofna án sjerstaks endurgjalds. Laun undir- eða tímakennara skulu ákvörðuð eptir kringumstæðum af skólastjórninni.

19. gr. Hvort veitt skuli nokkur eptirlaun nýtum kennara, er hann fer frá embætti sökum elli eða lasleika, eða hvort veitt skuli nokkurt árgjald ekkju kennara, sem hefir staðið vel í stöðu sinni, þangað til hann fór frá, skal samkvæmt reglugjörð fyrir Ísafjörð 26. jan. 1866, 25. gr., komið undir úrskurði bæjarstjórnarinnar, eptir meðmælum skólanefndarinnar í hvert skipti, en nemi slíkt gjald meiru en 40 krónum á ári, þarf samþykkis amtmanns eða landshöfðingja.

III.

Um umsjón skólans og stjórn á fjárhagsmálefnum hans.

20. gr. Hin eiginlega stjórn skólans skal falin á hendur nefnd manna; í henni skulu vera: presturinn á Ísafirði, og skal hann vera forseti nefndarinnar, og tveir skólaforstöðumenn; skulu bæjarfulltrúar kjósa annan úr sínum flokki; en hinn skal kosinn af bæjarbúum eftir sömu reglum og bæjarfulltrúar á Ísafirði, og skal skyldur að hafa starf sitt á hendi í 3 ár. Þar að auki kys bæjarstjórnin sjerstakan gjaldkera fyrir skólann, er skal skyldur að hafa það starf á hendi í 5 ár.

21. gr. Presturinn Ísafirði kveður nefndarmenn til fundar, og skal að minnsta kosti haldinn einn fundur í hverjum mánuði. Hann ritar í gjörðabók og brjefabók nefndarinnar, og aðrar embættisbækur hennar; svo semur hann og brjef og álitsskjöl fyrir nefndina.

22. gr. Skólanefndin á að hafa gætur á því, að farið sje eftir öllu því, sem boðið er í reglugjörð þessari og skólaáætluninni, eða skólastjórnin skipar fyrir um reglu og aga í skólanum, og að útrýmt verði svo sem framast er auðið öllu, sem er til tálmunar velferð skólans.

23. gr. Undir eins og búíð er að skipa nefndina, á hún að semja frumvarp til áætlunar um fyrirkomulag og störf skólans yfirhöfuð samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; í þeirri áætlun á og að vera reikningur um tekjur og gjöld skólans. Nefndin á síðan að senda skólastjórninni áætlun þessa, og skýra um leið frá þeim atvikum og ástæðum, sem hún er byggð á; en skólastjórnin á að senda hana með álitsskjali sínu stiptysfivöldunum áleiðis til landshöfðingja til endurskoðunar og staðfestingar. Á sama hátt skal að farið, þá er síðar kynni þykja að þörf á, að breyta einhverju á skólaáætluninni, eftir að búíð er að samþykkja hana.

24. gr. Nefndin ásamt gjaldkera skólans á þar að auki á ári hverju fyrir miðjan janúarmánuð að senda bæjarstjórninni áætlun um þau gjöld, sem skólinn að líkindum þarf að greiða hið komandi ár og um þau efni, sem fyrir hendi eru til gjalda þessara, án þess að nokkru sje jafnað niður á gjaldþegna; svo á hún og innan 14 daga eftir fardaga að hafa gjört reikning um tekjur og gjöld skólans hið liðna fardagaár; reikning þenna á gjaldkeri skólans að semja; hann á þar að auki að heimta inn kennslu-eyri og borga útgjöld skólans, og ber þess vegna að ávísa honum úr bæjarsjóðnum í byrjun hvers hálfmissiris fjórðungi af skólatillögum þeim, sem jafnað hefur verið niður á bæjarbúa. Þegar skólareikningurinn er búinn að liggja almenningi til sýnis á sama stað og niðurjöfnunarskráin í kaupstaðnum í 14 daga, þá skal sá maður endurskoða hann, sem kosinn hefir verið til að endurskoða bæjarsjóðsreikninginn, en skólastjórnin leggur á hann úrskurð sinn; síðan skal bæjarfógetinn anglýsa ágríp af reikningi þessum, um leið og hann anglýsir ágríp af bæjarsjóðsreikningnum.

25. gr. Fyrir miðjan ágústmánuð ár hvert á presturinn á Ísafirði að leggja fram í skólanefndinni lista yfir þau börn í kaupstaðnum, sem á því ári hafa endað 7. aldursár, og skal í þeim lista skýrt frá, hvort þegar sje búíð að taka þau inn í skólann, eður að eins hafi verið boðað að þau ætti að koma í skólann. En sje þetta eigi svo, á nefndin að leitast við að komast að raun um, hvort barnið utanskóla fái þá uppfroeding, sem fyrirskipað er í reglugjörð þessari, og, ef þörf er á, gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 5. gr. í reglugjörð þessari.

26. gr. Við lok hvers fardagaárs skal skólanefndin senda skólastjórninni skýrslu um ástand skólans.

Hinn 4. desbr. 1877.

134 27. gr. Í skólastjórninni skulu vera bæjarfógeti og bæjarfulltrúarnir á Ísafirði, og 15. nóv. skal bæjarfógeti vera formaður.

28. gr. Undir skólastjórnina heyrir yfirumsjón yfir skólanum. Hún á þar að auki að sjá um, að skólareikningurinn sje gjörður í tækan tíma, og að allir, sem einhverja sýslu hafa á hendi við skólann, leysi af hendi starfa sinn viðunanlega, og að nákvæmlega sje farið eptir því, sem ákveðið er í þessari reglugjörð. Skólastjórnin skal eiga fund með sjer einu sinni á hverju hálfumissiri, ef ekki er nauðsyn á fleiri fundum; og ræða þar og gjöra út um öll þau málefni, er snerta skólann.

29. gr. Árlega skal skólastjórnin senda stiptsyfirvöldunum skýrslu um ástand skólans og athafnir síðastliðið ár.

30. gr. Upphæð kennslueyrisins skal ákveðinn í skólaáætluninni, þó skal hann eigi fara fram úr 20 kr. um árið, og 3 krónum um einstaka mánuði fyrir börn, sem eiga heima á Ísafirði, og 40 krónur allt skólaárið og 6 krónur um einstaka mánuði fyrir þau börn, sem ekki eiga heima þar í bænum. Borgunin skal greidd fyrir fram fyrir hvert hálf tveggjum missiri; þegar búið er að greiða borgunina, verður henni aldrei aptur skilað. Nú eru í skólanum á sama tíma systkini, sem eiga heima á Ísafirði, skulu þá að eins borgaðar fyrir tvö 35 kr., fyrir þrjú 45 kr., fyrir fjögur 50 kr. Eigi skal greitt neitt kennslukaup fyrir þau börn, er styrks njóta úr fátækra sjóði, eða þiggi foreldrar þeirra, eða þeir, sem eiga fyrir þeim að sjá, slíkan styrk, eða sjeu þeir sökum fátæktar undanþegnir bæjargjöldum þeim, sem jafnað er niður eptir efnunum og ástæðum.

31. gr. Skólanefndin á að hafa gætur á, að í skólabekkjunum sje að minnsta kosti 90 teningsfeta rúm handa hverju af börnum þeim, sem eru í skólanum í einu, að þar sjeu áhöld þau, sem nauðsyn er á, og að þar sjeu loptheinsunarsmugur (ventílar). Svo á og skólanefndin að öðru leyti að hafa eptirlit með, að húsinu og húsgögnum öllum sje ávallt við haldið í tilhlýðilegu standi.

32. gr. Tekjur skólans eru þær sem nú skal greina: a, kennslueyrir (30. gr.), b, sektir fyrir brot móti því, sem ákveðið er í reglugjörð þessari, c, gjafir, d, fje sem menn ánafna eptir sinn dag, e, árlegt tillag úr bæjarsjóði eptir reglugjörð fyrir Ísafjörð 26. jan. 1866, smbr. lög 11. febr. 1876 um lóðarskatt á Ísafirði.

IV.

Um handvinnuskólann.

33. gr. Skólanefndin á að leitast við að koma því á, að stofnaður verði handvinnuskóli handa stúlkum, einkum þeim, sem eru í efsta bekk barnaskólans, þar sem þeim sje kennt að spinna og undirbúa ullina undir að hún sje spunnin, svo og að þrjúna vefa og sauma.

34. gr. Að fengnum uppástungum skólanefndarinnar skal skólastjórnin skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar í skóla þessum, þegar hann kemst á, svo og eptir hverjum reglum börn skulu fara í skólann m. m.

Landshöfðinginn yfir Ísland h. 15. dag nóvembermán. 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.